

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. nóvember 2024 í máli nr. 63/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 13. júní 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 58.400 krónur.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Þann 15. maí 2024 var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Með tölvubræfi, dags. 27. júní 2024, var skiptastjóra þrotabúsins gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Með bréfi degi síðar upplýsti skiptastjóri kæruneftndina að hann hygðist ekki láta málið til sín taka fyrir hönd þrotabúsins.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, greiðslustaðfesting, tölvupóstur sóknaraðila til viðskiptabanka síns, ljósmynd af gjafabréfum og umboð.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á tveimur gjafabréfum af varnaraðila þann 17. desember 2022 og greiddi alls 58.400 krónur fyrir. Á báðum gjafabréfunum stendur að handhafi hvors þeirra eigi inni gistingu fyrir tvo ásamt morgunverði á völdum gístistöðum. Þá segir að listi yfir þá gístistaði sem unnt sé að nýta gjafabréfið á megi nálgast á vefsíðu varnaraðila. Loks kemur fram að gildistími gjafabréfsins sé fjögur ár frá kaupdegi.

Sóknaraðili vísar til þess að þegar hann hugðist nýta gjafabréf sín vorið 2024 hafi hann orðið þess áskynja að vefsíða varnaraðila lægi niðri. Þá hafi varnaraðili hvorki svarað tölvupóstum sóknaraðila né símtölum. Að sögn sóknaraðila hafi allt bent til þess að varnaraðili væri hættur starfsemi sinni. Krefst sóknaraðili því þess að varnaraðili endurgreiði honum kaupverð gjafabréfanna að fjárhæð 58.400 krónur enda hafi sóknaraðili ekki getað nýtt sér þau þrátt fyrir að gildistími þeirra væri ekki liðinn.

### IV

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur kosið að láta málið ekki til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Skylda varnaraðila samkvæmt samningi aðila var að veita sóknaraðila gistingu á grundvelli gjafabréfs og skylda sóknaraðila var að greiða fyrir hana. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 58.400 krónur með greiðslukorti þann 17. desember 2022. Ekki verður ráðið af gögnum máls að sóknaraðili hafi nýtt sér hin keyptu gjafabréf.

Í málinu liggur fyrir að bú varnaraðila var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði héraðsdóms uppkveðnum [...]. Í 1. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. (gpl.) kemur fram að þrotabúi er heimilt að taka við réttindum og skyldum þrotamanns eftir gagnkvæmum samningum. Undir rekstri málsins upplýsti sóknaraðili kærunefndina að hann hefði rætt við skiptastjóra þrotabúsins. Af þeim upplýsingum sóknaraðila verður ráðið að þrotabúið hugðist ekki taka við réttindum og skyldum samkvæmt samningi aðila og verður því ekkert af efndum hans. Í 1. mgr. 93. gr. gpl. kemur fram að ef þrotabú nýtir ekki heimild sína skv. 1. mgr. 91. gr. eða setur tryggingu innan hæfilegs frests getur viðsemjandi slitið samningnum. Varnaraðili og nú þrotabúið hefur ekki og mun ekki efna sinn hluta samningsins. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum máls þessa og framlögðum gögnum, er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 58.400 krónur.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 58.400 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson